

Skólastjóri getur heimilað, með samþykki foreldra, að nemandinn hverfi úr skóla í allt að eitt ár.

Samkvæmt 35. gr. grunnskólalaga er menntamálaráðherra heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því.

Einnig er menntamálaráðherra heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Sem dæmi um þetta má nefna að viðurkenna kunnáttu í öðrum erlendum málum í stað ensku og dönsku.

Mikilvægt er að skólinn sýni nærgætni og skilning þegar fjallað er um málefni sem tengjast heimilum, t.d. neyslu- og lífsvenjur. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir. Með hliðsjón af sérstöðu þessara þátta, einkum hvað varðar trúfrelsi, er heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá ákveðnum þáttum skyldunáms. Skólinn og heimilið skulu sjá til þess í sameiningu að þessir nemendur fái jafnvæg tækifæri til menntunar og þroska.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn, er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr í námi meðan á undanþágutímanum stendur.

1. mars 1999

Nr. 164

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði 1999.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 8.200 á árinu 1999.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní 1999.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.